

# Ég er stofninn, þér eruð greinarnar

Boðunarefni KFUK og KFUM sumarið 2008

The logo consists of an orange inverted triangle with a white border. Inside the triangle, the text 'KFUM' is written in white on a blue rectangular background, and 'KFUK' is written in white on a red rectangular background.

KFUM KFUK





**Ég er stofninn, þér eruð greinarnar**

Fræðsluefni KFUK og KFUM

Útgefandi: KFUK og KFUM á Íslandi  
Holtavegi 28, Reykjavík  
Umsjón: Henning Emil Magnússon  
Uppsetning: Rakel Tómasdóttir

# Efnisyfirlit

- bls **3** Fylgt úr hlaði
- bls **4** Uppbygging boðunarefnisins
- bls **5** Hefðir og venjur á helgistundum

## Hugleiðingar

	Heiti		Ritningarstaður
bls <b>6</b>	1. Eitt er nauðsynlegt	Kvöldvaka	Lúk 10.38-42
bls <b>8</b>	2. Orð Guðs - Biblían	Morgunstund	Slm 119.105
bls <b>10</b>	3. Hvar eru hinir níu?	Kvöldvaka	Lúk 17.11-19
bls <b>12</b>	4. Ég er sköpun Guðs	Morgunstund	1Mós 1
bls <b>14</b>	5. Guð verndar okkur	Kvöldvaka	2Mós 2.1-10
bls <b>16</b>	6. Guð er góður hirðir	Morgunstund	Slm 23
bls <b>18</b>	7. Jesús leitar að hinu týnda og frelsar það	Kvöldvaka	Lúk 19.1-10
bls <b>20</b>	8. Jesús er sonur Guðs	Morgunstund	Mrk 2.1-12
bls <b>22</b>	9. Guð vill að við tilheyrum honum	Kvöldvaka	Jóh 15.1-10
bls <b>24</b>	10. Jesús dó fyrir syndir alls mannkyns	Morgunstund	Jóh 3.16
bls <b>26</b>	11. Jesús er upprisan og lífið	Kvöldvaka	Jóh 11.1-44
bls <b>28</b>	12. Jesús kennir okkur að biðja	Morgunstund	Matt 6.9-13
bls <b>30</b>	13. Þreytist ekki að biðja	Kvöldvaka	Lúk 11.5-13
bls <b>32</b>	14. Allir eru mikilvægir í augum Guðs	Morgunstund	1Kor 12.12-27

Viðauki

# Fylgt úr hláði

Boðunarefni sumarbúðanna byggir á því að kynna fyrir börnunum grunnatriði kristinnar trúar. Börnin dvelja ekki lengi í sumarbúðunum en vonandi kviknar einhver neisti trúar á þeim tíma. Boðunarefnið fjallar um Biblíuna, bæn, Guð sem skapara, Jesú sem frelsara og samfélag trúaðra.

Það er mikilvægt að forstöðufólk og leiðtogar í sumarstarfinu noti þetta boðunarefni þannig að það henti hverjum sumarbúðum fyrir sig. Það er hugsanlegt að einhverjir leikir henti fyrir kvöldvöku þar sem allir eru saman komnir, aðra leiki er betra að nýta í smærri hópum. Stundum er gott að nota sögurnar sem fylgja með til að útskýra eitthvað betur sem verið er að boða, einnig gæti komið til greina að lesa þær í svefnsölunum á kvöldin. Ástæðan fyrir því að efnið er ekki allt eyrnamerkt ákveðnum tilgangi er sú að notagildi þess yrði þá hugsanlega of takmarkað. Þá gætu einhverjir litið þannig á að efnið eða hugmyndin myndi ekki henta ákveðnum sumarbúðum. Það er því mikilvægt að efnið sé lagað að þörfum sumarbúðanna en ekki öfugt. Það má aldrei gleyma því að þetta efni er sett saman til að aðstoða og hjálpa til. Starfsfólk sumarbúðanna er hvatt til þess að laga efnið að eigin þörfum.

Ætlunin með efninu er að virkja börnin. Þau mega ekki vera óvirkir áheyrendur. Börnin þurfa að fá að taka þátt í öllu sem fram fer. Þau þurfa að fá að tjá sig um efnið sem fengist er við. Þau geta m.a. tekið þátt í leikjum, umræðum og helgiathöfnum. Það er oft búið að benda á að um leið og börnin eru orðin þátttakendur þá tileinka þau sér frekar það sem þau læra. Leikir fylgja með efninu og ýmsar hugmyndir sem hafa þátttöku að markmiði. Mikilvægt er að huga að þessu við undirbúning, spyrja sjálfan sig hvort að börnin geti enn frekar komið að morgunstundum og kvöldvökum.

Eins er mikilvægt að boðunin sé fjölbreytt. Það er hægt að nota margar ólíkar leiðir til að segja sögurnar, m.a. er hægt að nota glærur, hlutbundna kennslu, loðmyndir og leikþætti. Stundum hættir fólki til að festa sig í einni aðferð og þá verður fræðslan fyrirsjáanleg og einhæf og börnin missa áhugann. Til að gera fræðsluna spennandi og áhugaverða þarf að hafa hana fjölbreytta. Mikilvægt er að gefa því gaum áður en af stað er farið að skipuleggja fræðsluna þannig að hún verði fjölbreytt.

Efninu fylgja starfsgögn og þemahugmynd. Það er mikilvægt að kynna sér það vel. Þemahugmyndin er einföld og er ætluð til þess að gera fræðsluna meira lifandi fyrir börnunum. Í vetrarstarfi hafa álfka þemahugmyndir verið notaðar með góðum árangri.

Örlitill kafli um mikilvægi þess að halda í hefðir og venjur á samverustundum fylgir efninu. Það eru margar góðar ástæður fyrir því að sumarbúðirnar haldi í hefðir sínar og er það rakið í fyrrnefndum kafla.

Það er gaman að verða þess var þegar fengist er við að setja saman boðunarefni að mikið af félagsfólki hefur lifandi áhuga og mótaðar skoðanir á því hvernig boðunarefnið á að vera. Fólk hefur haft samband við undirritaðan símleiðis og með tölvupósti, einnig hefur verið mikill áhugi á þeim fundum þar sem boðunarefnið er kynnt. Ég er afar þakklátur fyrir öll viðbrögð og það veitir bæði aðhald og gefur skýrari sýn á verkefnið sem fengist er við þegar félagsfólk tjáir sig um efnið.

Með bestu óskum um gott sumar.  
Henning Emil Magnússon

# Hefðir og venjur á helgistundum

Það getur verið afar mikilvægt að halda í hefðir og venjur. Þær veita öryggi og hjálpa börnunum í æskulýðsstarfinu að læra hvað er viðeigandi hegðun á helgistund. Það gefur leiðtogum og börnum einnig tilfinningu fyrir samfellu í starfinu, þ.e.a.s. allir vita að hverju þeir ganga. Hefðir eins og bænásöngur, upphafsþæn eða hugleiðingasöngur geta líka öll þjónað þeim tilgangi að undirbúa hugi þátttakenda undir það sem í vændum er. Auk þess veita hefðir leiðtogum bæði aðhald og hjálp við skipulagningu samverustunda. Hefðir og venjur geta einnig orðið til þess að traust foreldra, og annarra sem fylgjast með starfinu, aukist.

Áður en samverustund er lögð í Guðs hendur í bæn er gott að syngja bænásöng.

Áður en hugleiðing hefst er gott að syngja hugleiðingasöng, á eftir honum má kveikja á kertum og fara um leið með minnisvers. Á sumum starfsstöðum er lokasöngur. Það er góð hefð. Mikilvægt er að hann undirbúi gesti sumarþjóðanna undir ró og kyrrð næturinnar.

Það er mikilvægt að starfsfólk sumarþjóðanna sé samhent í því að skapa hefðir með því að bera virðingu fyrir þeim. Þá skilja börnin enn frekar mikilvægi þeirra. Það er mikilvægt að muna að hefðir skipta máli fyrir félög eins og KFUM og K. Hluti af því sem er heillandi við starfið er að vissar hefðir halda sér og sameini foreldra og börn þegar rætt er um starfið.

Eftirfarandi er tillaga að uppbyggingu að helgistund:

## **Morgunstund**

### **Upphaf stundar**

Söngur  
Upphafsbæn  
Trúarjátning

Dagskrá morgunstunda er síðan ólík en þegar kemur að hugleiðingu er viðeigandi að nota eftirfarandi uppbyggingu

Hugleiðingasöngur  
Minnisvers og kveikt á kertum  
Hugleiðing  
Bæn  
Söngur

### **Kvöldvaka**

### **Upphaf samveru**

Söngur  
Upphafsbæn

Dagskrá kvöldvakna er síðan ólík en þegar kemur að hugleiðingu er viðeigandi að nota eftirfarandi uppbyggingu

Hugleiðingasöngur  
Minnisvers og kveikt á kertum  
Hugleiðing  
Bæn (endað á því að allir fari saman með Faðir Vor)  
Söngur



# Uppbygging boðunarefnisins

## 1. Boðskapur

Boðskapur hugleiðingar er gefinn upp í einni setningu. Það er ekki að ástæðulausu. Mikilvægt er fyrir leiðtogann að íhuga vel boðskapinn og láta hann vísa sér veginn við undirbúninginn. Það er ekki hægt að leggja áherslu á of margt, það verður eingöngu til þess að ekkert sitji eftir.

## 2. Aðkoma

Það er alltaf gott ef tekst að fanga vel athygli áheyranda í upphafi hugleiðingar. Gott er að vísa til einhvers úr reynsluheimi barnanna og hjálpa þeim þannig að tengja við boðskapinn sem þið viljið flytja. Stundum er hægt að nota leiki eða annað efni úr hugmyndabanka sem aðkomu. Einnig er mikilvægt að huga að því hvernig hugleiðingar tengjast innbyrðis. Mikilvægt er að nota þemahugmynd boðunarefnisins til að tengja saman hugleiðingar, stundum er einnig hægt að nota þemahugmyndina sem aðkomu.

## 3. Hugleiðing og skýringar

Langflestar hugleiðingar eru þannig uppbyggðar að fyrst er atburðarrás sögunnar rekin, síðan eru ýmsar upplýsingar sem leiðtogi getur nýtt sér við undirbúninginn en þær eiga ekki alltaf erindi í hugleiðinguna. (Þær upplýsingar eru gefnar upp undir yfirskriftinni Skýringar.) Yfirleitt er frásagan í brennidepli. Mikilvægt er að koma henni vel til skila þannig að hún lifi sem lengst með barninu. Hugði vel að undirbúningnum. Vandíð orðaval. Gætið þess að útskýra þau orð sem börnin skilja ekki.

Hugði vel að fjölbreytni þegar sögum er sagðar. Það er hægt að nota glærur, loðmyndir, leikræna tjáningu og hlutbundna kennslu við flutning hugleiðingar. Gætið þess að hafa hugleiðingar sem fjölbreyttastar.

## 4. Samantekt

Í lokin má síðan draga saman aðalatriði hugleiðingarinnar. Munið að boðskapurinn á að móta uppbygginguna. Samantektin á ekki að innihalda ný atriði, heldur minna á það sem mikilvægast er í hugleiðingunni: Boðskapurinn og hvernig hann getur tengst daglegu lífi barnanna.

## 5. Uppflettitextar

Það er mikilvægt að kenna börnunum að fletta upp í Nýja testamentinu og Davíðssálmum. Það fylgja textar með morgunstundunum sem er tilvalið að leiðtogarnir skoði í smærri hópum með börnunum. Fyrst er ágætt að líta á textann sem var til umræðu á morgunstundinni og ræða hann. Síðan fylgja önnur vers sem hægt er að leggja út af og tengja við efni morgunstarinnar. Textunum fylgja spurningar eða upplýsingar sem geta auðveldað umræðu.

## 6. Nafnabingó

Efninu fylgir viðauki. Það er eyðublað fyrir nafnabingó. Sá leikur er útskýrður í lok boðunarefnisins. Mikilvægt er að velja leiknum rétt tilefni. Hugsanlega gæti leiðtogi boðið upp á leikinn á rigningardeg. Einnig mætti nota leikinn strax á eftir morgunsamveru. Bingóið er hugsað sem upprifjun á boðunarefninu og þarf því að vera á dagskrá seint í flokki.

## 7. Minnisvers

Gott er fyrir börnin að festa sér í minni orð úr Biblíunni. Í ár eru eingöngu valin tvö minnisvers. Ætlast er til að annað sé fyrir morgunstundir og hitt kvöldvökur. Það er líklegra til árangurs heldur en að nota of mörg, þá er hætt við að ekkert sitji eftir og varla hægt að kalla þau minnisvers lengur.

## 8. Hugmyndabanki

Yfirleitt fylgja síðan einhverjar hugmyndir á eftir hugleiðingunni. Sumar af þessum hugmyndum henta vel sem aðkoma að hugleiðingunni. Skoðið vel þetta efni og sjáið hvernig þið getið best nýtt ykkur það. Það getur skipt máli hvort það fylgji hugleiðingu eða sé notað sem aðkoma. Stundum er efnið frekar miðað við stelpur en stráka þá má gjarnan aðlaga það og breyta um kyn ef það þjónar tilgangi. Sumar af sögunum sem fylgja efninu gætu þjónað hugleiðingunum. Eins má huga að því að lesa þær fyrir svefninn eða á bænastund. Ef efnið er fjörugt þá er mikilvægt að fara ekki í það rétt fyrir hugleiðinguna þar sem reynt er að skapa helgi og andrúmsloft fyrir íhugun Guðs orðs. Hægt er að nota leiki sem skemmtiefni á samverustund og vísa síðan til þeirra í hugleiðingunni.

## 9. Hugmynd að þema

Efninu fylgir hugmynd sem má nota til að tengja saman efni hugleiðinganna. Þetta er stórt veggspjald sem sýnir opna Biblíu. Þetta veggspjald skal nota þegar Biblían er kynnt á fyrstu morgunfundum. Síðan þegar sagðar eru sögur eru settar inn myndir á þetta veggspjald eftir því hvort sagan er úr Gamla eða Nýja testamentinu. Það fylgja einnig upplýsingar um Biblíuna sem nota má á fyrstu morgunfundum. Auk þess fylgir annað veggspjald sem sýnir mynd af Palestínu á dögum Jesú sem mikilvægt er að vísa til þegar staðsetningar eru nefndar í sögum.

## 10. Söngvar

Val á söngvum er mikilvægt. Góður söngur með uppbyggilegum texta fylgir fólki ævilangt. Yfirleitt er búið að ákveða talsvert af söngvunum sem syngja á í sumarbúðunum. Til eru einkennissöngvar fyrir hverja starfsstöð, eins er sums staðar að finna hefðir eins og t.d. lokasöng. Það er gríðarlega mikilvægt að huga vel að því hvaða söngvar eru valdir. Í efninu eru valdir nokkrir innihaldsríkir söngvar sem mælt er til að séu notaðir. Börnin staldra ekki lengi við í sumarbúðunum og því er mikilvægt að kenna ekki of marga söngva því þá læra þau ekkert af þeim utan að. Eftirfarandi söngvar eru lagðir til:

Bæn sendu beðna að morgni (bænasöngur)  
Ég er heimsins ljós (hugleiðing á morgunfundum)  
Fús ég, Jesús, fylgi þér (hugleiðing á kvöldvöku)  
Drottinn er minn hirðir  
Enginn þarf að óttast síður  
Þakkir fyrir hvern fagran morgun

## 11. Starfsgagnalisti

Gott er að hafa ólíkar leiðir í huga við miðlun frásagnanna. Efninu fylgir yfirlit yfir loðmyndir (L), glærur (G) og önnur hjálpargögn. Ákveðin hjálpargögn fylgja boðunarefninu og eiga að vera til á hverri starfsstöð. Það efni sem bent er á í starfsgagnalista þyrfti forstöðufólk eða aðrir starfsmenn að nálgast á Holtavegi sé áhugi á að nota það. Það þarf að gæta þess að líta vel á efnið áður en það er notað og sjá hvernig það tengist hugleiðingarefninu. Ekki er alltaf sjálfsgott að hugleiðing fræðsluefnisins og uppröðun starfsgagna lúti sömu röð. Sá sem flytur hugleiðingu þarf því að bera þetta tvennt saman og taka eigin ákvarðanir.

Ef að einhver velur að notast við loðmyndir sem er spennandi kostur skal bent á að eftirfarandi baksvið eru til:

- LB-1** Útmynd 1  
Má nota við margar sögur úr Gamla og Nýja testamentinu
- LB-2** Útmynd 2  
Má nota við margar sögur úr Gamla og Nýja testamentinu
- LB-3** Nótt úti við  
Gott baksvið fyrir sögur sem gerast að kvöldi eða nóttu
- LB-4** Innanhússmynd  
Ríkmannlegt herbergi eða salur í höll
- LB-5** Innanhússmynd  
Gott baksvið fyrir ýmsar frásögur guðspjallanna, sem gerast innandyra
- LB-10** Salur




# 1 Eitt er nauðsynlegt

## - María og Marta

**Boðskapur:** Guð vill að við gefum okkur tíma til að hlusta á orð hans.

**Aðkoma:** Hægt væri að nota leikþáttinn úr hugmynda-bankanum sem skemmtiatriði á kvöldvöku og byrja á því að spyrja út í framkomuna í leikritinu. Nutu þær þess að hittast? Einnig má nota leikinn. Þar er einnig undirstrikað hversu mikilvægt það er að gefa sér tíma til að hlusta á Guðs orð.



**Minnisvers:** Jesús sagði:  
Ég er ljós heimsins. Sá  
sem fylgir mér mun ekki  
ganga í myrkri heldur hafa  
ljós lífsins. (Jóh 8.12)

### Hugleiðing

1. Jesús átti mikið af góðum vinum sem hann naut að hitta á ferðum sínum. Hann þekkti systur sem hétu María og Marta. Þær bjuggu í borg sem hét Betanía. Marta bauð honum eitt sinn í heimsókn. Jesús þáði boðið. Þegar Jesús kom til þeirra lagði Marta allan hug á að veita sem mesta þjónustu. Hún hefur hugsanlega farið að gera fínt og undirbúa mat. En Marta systir hennar settist við fætur Jesú og fór að hlýða á orð hans.

2. Eftir nokkra stund hefur Mörtu þótt nóg komið af því að horfa á systur sína aðgerðalausar. Hún gekk til Jesú og spurði hann hvort það væri ekki kominn tími til að María reyndi nú frekar að hjálpa henni við heimilistörfin en að sitja eingöngu og hlusta. Hvað ætli Jesús hafi sagt við því? Ætli hann hafi skammað Maríu? Svar Jesú kom á óvart. Hann sagði við Mörtu að hann hefði vissulega tekið eftir því að hún hefði lagt hart að sér en það væri ekki tekið af Maríu að hún hafði valið góða hlutskiptið.

3. Eflaust hefur Marta verið undrandi að heyra þetta svar Jesú en með því vildi hann leggja áherslu á að ekkert mætti verða til þess að við gefum okkur ekki tíma til að hlusta á hann. Við þurfum að taka okkur frá tíma til þess að hugleiða Guðs orð. Það er margt sem getur tafið okkur frá því. Ekkert er þó mikilvægara en það. Margt sem við gerum skiptir máli en eitt er nauðsynlegt og það er að velja góða hlutskiptið líkt og María.

### Skýringar

#### Betanía

Bær um 3 km austur af Jerúsalem. Jesús gisti oft á heimili systranna.

#### María og Marta

Systurnar áttu bróður sem hét Lazarus og saga hans verður sögð síðar í flokknum.

### Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér



## Palestína á dögum Jesú



## Starfsgagnalisti

**G-126 Marta og María** Fjórar einfaldar glærur sem lýsa því þegar Jesús heimsækir systurnar Maríu og Mörtu.

## Hugmyndabanki

### Marta og María

Notið minnisversió Jón 8.12

Fáið einn (eða fleiri) sjálfboðaliða og biðjið hann um að vinna eitthvað verk fyrir ykkur um leið og hann hlustar á þig kenna hópnum minnisversió. Verkefnið þarf að vera skýrt og krefjast athygli. Það gæti t.d. verið að flokka saman sokka úr stórrí hrúgu af sokkum, útbúa samlokur á ákveðin hátt, eða eitthvað annað sem ykkur dettur í hug. Hafið aldur barnanna í huga þegar þið veljið verkefnið og leggið áherslu á að það sé leyst vel af hendi.

Síðan skulið þið kenna börnunum í salnum minnisversió með því að endurtaka það orð fyrir orð í nokkur skipti og láta þau hafa eftir á meðan sjálfboðaliðinn vinnur verkið sitt. Þegar sjálfboðaliðinn hefur lokið verkefninu sínu gefið honum þá gott klapp og biðjið hann svo um að fara með minnisversió. Honum mun þykja það mun erfiðara en börnunum sem sátu og hlustuðu. Hvers vegna? Hafið þið eitthvern tímann reynt að læra og horfa á sjónvarpið á sama tíma? Tengid þetta við það sem Jesús var að reyna að kenna Mörtu.

Það ber að gæta þess við þennan leik að gera ekki lítið úr barninu sem er valið. Leikurinn er ekki hugsaður til þess. Það mætti líka fá einhverja tvo til að taka þátt í leiknum og gera hann þannig að meiri keppni um leið.

### Leikþáttur

Það sem sett er niður á blað hér er einungis til viðmiðunar, endilega notið spuna sem allra mest og spilið inná hómor og smá fíflagang en þó þannig að boðskapur sögunnar komist til skila. Aðalatriðið er að Gauja er að koma í heimsókn til Ásu og vill fá næði með henni til að segja henni góðar fréttir, t.d. að hún hafi unnið ferð fyrir tvo til Ástralíu og hún vilji bjóða henni með. Ása er hins vegar svo upptekin að leika gestgjafa að hún gefur sér ekki tíma til að setjast niður með vinkonu sinni og hlusta.

Ása reynir að gera sætið notalegt með púðum, býður upp á kaffi og kemur fram með smákökur („jú fáðu þér endilega... mikið líturðu nú vel út...viltu mjólk í kaffið... fyrirgefðu draslið hjá mér“). Hún tekur fram kúst að byrjar að sópa gólfið í kringum Gauju o.s.frv. Á meðan er Gauja að reyna fá Ásu til að hlusta („nei Ása mín, þetta er voða fint hjá þér, ekkert að vera að hafa fyrir mér mig langaði bara að segja þér góðar fréttir og spyrja þig að svolitlu“). Ása hins vegar grípur alltaf fram í með því að afsaka sig eða þarf að hlaupa fram og athuga með kökuna í ofninum, hún hellir mjólk niður á Gauju og tekur hana úr peysunni til að þvo hana o.s.frv. Að lokum er Ása orðin svo stressuð yfir gestinum að hún miskilur boðið um að koma með til Ástralíu þegar Gauja kemur því loks að og heldur að Gauja sé að fara ein. („Já, Ástralía það er nú gaman það er svo mikið af kengúrum þar vonandi skemmtir þú þér vel“). Hún gæti miskilið enn meira til dæmis haldið að hún væri að fara til Ameríku eða eitthvað slíkt. Gauja gefst upp að lokum og segist kíkja við kannski seinna og Ása sendir hana burt með nokkrar smákökur í nesti.

# 2 Orð Guðs - Biblían

## -Orð Guðs er lampi og ljós

**Boðskapur:** Guð vill mæta okkur í orði sínu, Biblíunni.

**Aðkoma:** Mikilvægt er að kynna hér þemahugmyndina og byrja því beint á að kynna Biblíuna. Eins er hægt að fara í leikinn sem er í hugmyndabankanum.



### Hugleiðing

1. Biblían er afar merkileg bók. Hún skiptist í tvo aðalhluta: Gamla testamentið og Nýja testamentið. Biblían þýðir í raun bækur eða bókasafn, það er vegna þess að í henni eru 66 rit. Í Gamla testamentinu eru 39 bækur og 27 í Nýja testamentinu. Í Gamla testamentinu eru fjölmargar sögur sem þið kannist hugsanlega við, þar segir m.a. frá því þegar Guð skapaði heiminn, þar segir frá Móse sem fékk boðorðin á Sínaíffjalli og einnig frá Davíð sem barðist við Góliát og varð síðar mikill konungur. Í Nýja testamentinu eru m.a. guðspjöllin fjögur sem segja frá ævi og starfi Jesú. Þau segja frá því þegar Jesús gekk um og gerði kraftaverk og flutti fólki ræður um ríki Guðs, þar er einnig sagt frá dauða hans á krossi og upprisu frá dauðum.

2. Biblían fjallar ekki eingöngu um það sem hér var á undan talið. Það má segja að á vissan hátt fjalli hún um okkur, mig og þig. Þó það hljómi kannski undarlega þá vill Guð hitta okkur í Biblíunni. Í orði sínu vill hann færa okkur fréttir og segja að honum þyki vænt um okkur. Hann vill að við fylgjum honum. Hann vill styrkja okkur og vera með okkur hvern dag í öllum aðstæðum lífsins, veita okkur leiðsögn og vernda okkur.

3. Það er mikilvægt að hafa einhvern leiðarvísi í lífinu. Ef við ætlum að fara í ferðalag þá verðum við okkur úti um kort svo við villumst ekki á leiðinni. Biblían getur verið þannig leiðarvísir fyrir okkur. Við getum fundið ráðleggingar í henni. Við getum lært þar hvað er gott fyrir okkur. Þar segir að ef við höldum okkur við ráðleggingar Guðs orðs þá getum við haldið vegi okkar hreinum, þ.e.a.s. gert það sem rétt er.

4. Í Biblíunni stendur á einum stað: Orð Guðs er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum. Ef við erum stödd í myrkri og sjáum ekki hvað er í kringum okkur þá þurfum við ljós. Orð Guðs getur verið bæði lampi og ljós fyrir okkur. Þið getið ímyndað ykkur að þið eruð stödd í nauðamyrkri. Við vitum þá ekki hvert við eigum að fara, við getum hrasað um eitthvað. Við þurfum einnig leiðsögn í lífinu. Í Biblíunni finna margir styrk og von á erfiðum stundum. Guð vill veita okkur allt þetta í Biblíunni. Guð vill mæta okkur í orði sínu.

Í framhaldinu er tilvalið að útskýra að við ætlum að kynnast orði Guðs þegar við dveljum í samarbúðunum og kenna þeim síðan að fletta upp textum í Nýja testamentinu.



## Uppflettitextar

Fyrstu tveir uppflettitextarnir eru úr Sálmunum. Það er gott tækifæri til að útskýra að þeir tilheyra Gamla testamentinu en fylgja með þegar Nýja testamentið er gefið út.

### Slm 119:105

*Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.*  
Ræðið með börnunum hvernig orð Guðs getur orðið leiðarvísir í lífi okkar. Hvernig getum við notað það til að vísa okkur veginn?

### Slm 119:9

*Með hverju getur ungur maður haldið vegi sínum hreinum?*


*Með því að gefa gaum að orði þínu.*

Þetta vers er einnig notað til að ítreka boðskap fræðslunnar um Biblíuna. Mikilvægt er að benda á að við getum lært mikið um það hvernig við eigum að lifa og hvernig við breytum rétt með því að gefa gaum að orði Guðs. Við þurfum að kynna okkur það, lesa það sjálf og hlusta þegar við heyrum hugleiðingar fluttar.

### Lúk 11.28

*Já, því sælir eru þeir sem heyra Guðs orð og varðveita það.*

Það er mikilvægt að hlusta á Guðs orð, en það er enn mikilvægara að varðveita það, leggja það á minnið og geyma það í hjarta okkar. Guðs orð getur fylgt okkur í gegnum allt lífið.



## Hugmyndabanki

### Bækur Biblíunnar

Þú þarft: Biblíur eða ljósrituð efnisyfirlit úr Biblíum. Stór spjöld sem hengd eru upp í andstæð horn í salnum. Á öðru spjaldinu skal standa Nýja, en hinu Gamla.

Bæði er hægt að hafa keppni á milli para og liða, sem skiptast á um að keppa, eins er hægt að láta allan hópinn taka þátt. Dreifðu Biblíum eða ljósrituðum efnisyfirlitum. Segðu þeim að nú eigi að fara í leik sem kanni þekkingu þeirra á Biblíunni. Þau fá nokkrar mínútur til að líta á hvaða bækur eru í Biblíunni, og síðan verða þau prófuð í hvað þau muni mikið.

Eftir að allir hafa skoðað Biblíuna þá er þeim skilað og keppendur safnast í miðju salarins. Útskýrðu fyrir þátttakendum að spjöldin standa fyrir Gamla og Nýja testamentið.

Þú ætlar nú að nefna bók úr Biblíunni. Þau þurfa síðan að velja horn til að þjóta í eftir því hvort þau halda bókina í Gamla eða Nýja testamentinu. Síðan er önnur bók nefnd. Þannig gengur það fyrir sig.

Hægt er að hafa leikinn sem kapphlaup, það er hver er fyrstur að velja rétt. Einnig væri hægt að nota leikinn sem útslátarkeppni. Notið ímyndunaraflið.

Tilvalið væri síðan að endurtaka leikinn þegar líður á flokkinn og þá geta börnin séð hversu miklum framförum þau hafa tekið á stuttum tíma.


(Byggt á leik 21 úr Theme games 2 eftir Lesley Pinchbeck)

# 3 Hvar eru hinir núa?

## - Þakkláti Samverjinn

**Boðskapur:** Við eigum að vera þakklát fyrir sköpun Guðs.

**Aðkoma:** Sniðugt væri að hefja hugleiðinguna á sögunni sem fylgir í hugmyndabankanum.



**Minnisvers:** Jesús sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins. (Jóh 8.12)

### Hugleiðing

1. Jesús var eitt sinn á ferð á landamærum tveggja svæða, Samaríu og Galíleu. Þegar hann nálgast eitt þorp þá stóðu þar nokkrir menn sem kölluðu á hann og báðu hann um hjálp. Þeir voru líkþráir. Það þýddi að þeir voru útilokaðir frá samfélaginu. Jesús leit ekki niður á þá, honum þykir vænt um alla menn. Þegar þeir kölluðu til hans og báðu hann um að miskunna sér þá svaraði hann kalli þeirra.
2. Jesús sagði þeim að sýna sig prestunum. Hvers vegna? Hann vildi vita hvort þeir treystu honum, hvort þeir trúðu á hann. Mennirnir sýndu trú sína með því að hlaupa af stað og þeir urðu hreinir við það. Þeir læknuðust af líkþránni og fengu frelsi sitt aftur.
3. Þeir hljóta að hafa verið ánægðir. Næst segir í sögunni að eingöngu einn hafi snúið aftur af þeim tíu. Hann lofaði Guð og féll að fótum Jesú og þakkaði honum fyrir. Jesús spurði hann hvort að hinir hefðu ekki orðið hreinir líka. Ætluðu þeir ekki líka að þakka honum fyrir? Að lokum sagði Jesú manninum að trú hans hefði bjargað honum.
4. Þessi saga minnir okkur á mikilvægi þess að vera þakklát fyrir allar gjafir Guðs. Við fáum að njóta alls þess góða í sköpuninni. Það er mikilvægt að við temjum okkur það að vera þakklát og taka engu sem gefnu. Við þurfum að læra af þakkláta Samverjanum.

### Hugmyndabanki

Helgisaga ein segir frá tveimur englum. Hlutverk þeirra á himni var að safna bænum manna í körfur og flytja þær til Guðs. Englarnir sófnuðu saman ólíkum bænum og báru til Guðs. Bænakörfurnar voru þó misþungar eftir að bænirnar voru komnar í þær. Annar engillinn fékk fullar körfur af bænum en hinn aðeins botnfylli. Engillinn sem fékk fullu körfurnar spurði þá hinn hvers vegna hann fengi svona lítið af bænum. Hvernig bænir færð þú? spurði sá á móti sem fékk fáu bænirnar. Ég fæ allar óskir sem mennirnir hafa, allt sem þeir biðja Guð um, svaraði engillinn sem bar þungu bænakörfurnar. En þú? Ég safna saman öllum þakkarbænum svaraði hinn þá en þær eru svona miklu færri en hinar. Það er eins og að mennirnir þurfi ekki að þakka fyrir það sem þeir fá frá Guði.

## Skýringar

### Líkpráir

Líkprá, eða holdsveiki öðru nafni, er samheiti yfir nokkra sjúkdóma sem lýstu sér í því að líkaminn tærðist upp. Það mynduðust opin sár á líkamanum, húðflekki og mikil útfærð. Af líkpráum stafaði vond lykt, nálykt. Sjúkdómurinn var talinn ólæknandi og töldu Gyðingar sjúkdóminn vera merki um mikla synd sem Guð væri að refsa fyrir. Jesús hafnaði því að sjúkdómur gæti verið merki um synd (Jóh 9.3) Í Gamla testamentinu (3Mós 13 og 14) eru nákvæmar lýsingar hvernig meðhöndla skyldi þá sem væru haldnir líkprá. Sjúkdómurinn þekktist enn í dag í vanþróuðum ríkjum þar sem heilsugæsla er takmörkuð.

(Skýring VH úr boðunarefni Landssabands KFUM og KFUK 1995-1996)

### Gyðingar og Samverjar

Það er tekið fram í sögunni að sá þakkláti hafi verið Samverji. Það minnir okkur á aðra sögu af Samverja, hinum mis-kunnsama. Sambandið á milli Gyðinga og Samverja var ekki gott. Þetta ósætti átti sér langa sögu. Þegar Assýringar herleiddu norðurríkið (Samaríu) á 8. öld f. kr. þá settust ýmis þjóðarbrot þar að og fengu nafnið Samverjar. Gyðingar litu niður á þá m.a. vegna hjáguðadýrkunar. Samverjar reistu síðan musteri á Garísímfjalli. Það var lítið alvarlegum augum af Gyðingum sem réðust gegn Samverjum u.þ.b. 128 f. kr. og eyddu musterinu. Samverjar vanheltu musteri Gyðinga með beinum látinna manna á milli 6-9 e. kr. Það hafði ýmislegt gengið á og hatrið mikið á milli þessara hópa. Það er ekki nauðsynlegt að þessi spennan komi fram í hugleiðingunni. Mikilvægara er að huga að þakklætinu.

### Áhugaverð útlagning

Lúther lagði þannig út af þessum texta að við gætum lært eitthvað af öllum í sögunni. Af líkpráum mönnum tíu getum við lært að bíða af þolinmæði í trausti til þess að Guð svari. Af Samverjanum lærum við að vera þakklát Guði og taka engu sem sjálfsgöðu. Af Jesú lærum við að taka vanþakklæti. Við eigum að fylgja fordæmi hans og ekki láta vanþakklætið gera okkur bitur. Ekki láta vanþakklæti hinna níu koma niður á hinum eina þakkláta. Við megum alveg búast við því að eingöngu tíundi hver þakki fyrir sig, það er eðlilegt hlutfall og í stað þess að verða bitur eigum við að fylgja fordæmi Jesú og láta vanþakklætið ekki hafa áhrif á okkur. Þetta er þörf áminning.

## Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér

## Starfsgagnalisti

- L-1 Guð ber umhyggju fyrir okkur Loðmyndaserían „Gud har omsorg“ inniheldur fjölmargar frásögur, þ.á.m. hinir tíu líkpráu.
- L-136 Tólf kraftaverkasögur Jesú Hinir tíu líkpráu.
- G-142 Tíu líkpráir Glæsur.
- G-146 Jesús að starfi Tíu líkpráir (Nr. 6).



# 4 Ég er sköpun Guðs

- Sjá, allt er gott

**Boðskapur:** Guð skapaði allt gott og manninn í sinni mynd.

**Aðkoma:** Látið börnin loka augunum og biðjið þau um að reyna að ímynda sér hvernig allt var í upphafi áður en Guð skapaði allt úr engu. Einnig væri hægt að nota leikinn sem er gefinn upp í hugmyndabankanum sem aðkomu.



## Hugleiðing

1. Guð skapar allt úr engu. Í upphafi er eingöngu Guð og hann skapar með orði sínu. Allt á sér upphaf í Guði. Mennirnir geta búið ýmislegt til en þeir geta ekki skapað eitthvað úr engu. Hér má hugsanlega láta börnin nefna eitthvað sem menn geta búið til og einnig eitthvað sem eingöngu Guð getur skapað. Mennirnir geta t.d. búið til bíla og tölvur, smíðað skip og flugvélar en geta ekki skapað fjöll, tungl, sól, lifandi skepnur eða gróður. Guð skapar líka efniviðinn sem mennirnir búa til úr.

2. Guð skapaði allt á sex dögum og hvíldist þann sjöunda. (Hér má rifja upp helstu atriði sköpunarsögunnar en mikilvægt er að leggja áherslu á stöðu mannsins í sköpunarverkinu). Guð var ánægður með sköpunina og sá að allt sem hann gerði var gott. Þannig eigum við einnig að líta á sköpunina. Hún er stórkostlegt verk Guðs sem við eigum að gleðjast yfir og njóta. Við eigum að þakka fyrir allar góðar gjafir Guðs. Hvað getum við þakkað fyrir? Allt sem Guð hefur skapað er gott.

3. Guð skapaði að lokum manninn í sinni mynd til samfélags við sig. Hvað þýðir það? Það þýðir að Guð vill tengjast mannum. Guð vill eiga samfélag við okkur. Hann vill að við tölum við hann og tilheyrum honum. Það þýðir að við erum mikilvæg í augum Guðs og að honum þykir vænt um okkur hvert og eitt. En það þýðir einnig að maðurinn þarf að bera ábyrgð. Guð felur honum að sjá um dýrin, ganga vel um jörðina og virða allt í kringum sig. Maðurinn má ekki umgangast umhverfi sitt hvernig sem honum dettur í hug. En mestu skiptir að sköpun Guðs er öll góð og maðurinn er mikilvægur í augum Guðs.

## Stígandinn í frásögunni

Það er áhugavert að huga að stíganda frásagnarinnar, því að finna má tengsl á milli fyrstu þriggja daganna og þeirra síðari.

- |          |                  |          |                     |
|----------|------------------|----------|---------------------|
| 1. dagur | Ljósíð           | 4. dagur | Sól og tungl        |
| 2. dagur | Himinn og haf    | 5. dagur | Sjávardýr og fuglar |
| 3. dagur | Jörðin og gróður | 6. dagur | Dýr og menn         |



## Skýringar

### Einn dagur

Þó svo að talað sem um sjö daga í sköpunarsögunni er alls ekki víst að átt sé við sólarhring eins og við þekkjum hann. Eins og þekkt er úr þjóðsöng Íslendinga: Fyrir þér er einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur, ei meir. Þessi hugsun er fengin úr 90. sálmi Davíðs. Þannig er ekki æskilegt að hafa of bókstaflegan skilning á lengd sköpunarsögunnar.

## Starfsgagnalisti

**L-10** Loðmyndir sem lýsa sköpun heimsins eins og hún er tjáð í Biblíunni.

## Uppflettitextar

### Slm 8.4-7

*Þegar ég horfi á himininn verk handa þinna,  
tunglið og stjörnur, sem þú settir þar,  
hvað er þá maðurinn þess að þú minnist hans,  
og mannsins barn að þú vitjir þess?  
Þú gerðir hann litlu minni en Guð,  
krýndir hann hátign og heiðri,  
lést hann ríkja yfir handaverkum þínum,  
lagðir allt að fótum hans.*

Þessi texti lýsir hversu sköpunin er stórfengleg og einnig stöðu mannsins innan sköpunarverksins. Maðurinn fær að njóta alls hins góða í sköpunarverkinu en hann ber einnig ábyrgð á sköpuninni. Honum er falið mikil ábyrgð og þarf að nálgast sköpunina á réttum forsendum.

### Slm 139.13-14

*Þú hefur myndað nýru mín,  
ofið mig í móðurlífi.  
Ég lofa þig fyrir það að ég er undursamlega skapaður,  
undursamleg eru verk þín,  
það veit ég næsta vel.*

Við erum öll undursamlega sköpuð. Guði þykir vænt um okkur. Við megum aldrei gleyma því að við erum sköpun Guðs. Við ættum að gleðjast yfir því á hverjum degi.

## Hugmyndabanki

### Dýrsleg skemmtun

Í leikinn þarf eitt A4 blað fyrir hvert barn og skriffæri Framkvæmd: Látið öll börnin setjast í hring og afhendið þeim blað og penna. Biðjið þau um að brjóta blaðið í miðju og síðan aftur í tvennt, þannig að því sé skipt í fjóra jafna hluta.

Biðjið þau um að velja sér eitthvert dýr. Nú eiga þau öll að teikna höfuð dýrsins á efsta hluta blaðsins, án þess að hin sjái, og láta hálslínurnar ná aðeins yfir á næsta reit. Síðan rétta þau barninu sem situr þeim á vinstri hönd blaðið. Það teiknar búkinn og það þriðja fæturna. Að lokum búa allir til nafn á dýrið og afhjúpa huldu hlutana. Nú ætti að vera gaman að sjá útkomuna.

Síðan er hægt að ræða um það hversu Guð skapaði margvísleg og undursamleg dýr. Þannig getur leikurinn verið aðkoma að hugleiðingunni.

(Leikur nr. 2 úr bókinni Theme Games eftir Lesley Pinchbeck)



## Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Enginn þarf að óttast síður

Þakkir fyrir hvern fagran morgun


Ég er heimsins ljós

# 5 Guð verndar okkur

## - Fæðing Móse

**Boðskapur:** Guð verndar okkur.

**Aðkoma:** Tengid söguna af fæðingu Móse við fæðingu barnanna. Það hefur að öllum líkindum verið mikil gleðis-tund þegar þau komu í heiminn. Þau hafa eflaust heyrt sögur af því hvernig og hvenær þau komu í heiminn. Eflaust eru til myndir af þeim nýfæddum. Í dag ætlum við að heyra af dreng sem þurfti að fela þegar hann kom í heiminn.



**Minnisvers:** Jesús sagði:  
Ég er ljós heimsins. Sá  
sem fylgir mér mun ekki  
ganga í myrkri heldur hafa  
ljós lífsins. (Jóh 8.12)

### Hugleiðing

1. Ísraelsmenn voru í útlegð hjá Egyptum. Það þýddi að þeir voru þrælur Egypta. Konungur Egypta, sem var kallaður Faraó, hafði áhyggjur. Hann óttaðist að Ísraelsmenn yrðu of fjölmennir og hefðu yfirhöndina gegn Egyptum og næðu að losa sig úr útlegðinni. Fyrst setti hann Ísraelsmenn í mikla þrælkunarvinnu til að halda aftur af þeim. Síðan gaf hann fyrirskipun sem var hræðileg. Hann sagði að henda ætti í fljótið Níl öllum drengjum sem fæddust af ísraelskum uppruna.
2. Nú atvikaðist það þannig að hjón ein eignuðust fríðan dreng og ákváðu að leyna honum svo hann mætti lífi halda. Þegar ekki var mögulegt að leyna honum lengur var drengurinn látinn í litla örk og settur í sefið hjá árbakkanum. Systir hans fylgdist með í leynum hver örlög litla sveinsins yrðu. Hvað sá hún? Í grenndinni var dóttir konungsins að baða sig ásamt þjónustustúlkum sínum.
3. Dóttir Faraós áttaði sig á að þetta væri eitt af sveinbörnunum sem átti að taka af lífi. Systir drengsins gaf sig nú fram og sagði við hana að hún vissi af konu sem gæti haft drenginn á brjósti. Hún var mjög hugrökk að bjóðast til þess. Dóttir Faraós samþykkti. Stúlkan fór þá og sótti móður drengsins og hún hafði hann á brjósti. Síðan kom að því að hann sleppti brjóstinu og þá var farið með hann aftur til dóttur Faraós. Drengurinn var nefndur Móses, vegna þess að hann var dreginn upp úr vatninu.
4. Guð hafði útvalið Móse til að leiða Ísraelsmenn frá Egyptalandi. Það er hreint með ólíkindum að dóttir Faraósins sem vildi Móse feigan skyldi bjarga honum. Móses ólst síðan upp í höllinni við allt það besta sem Egyptaland hafði upp á að bjóða. Guð hafði hafði ákveðið hlutverk handa Móse. Ótrúleg saga hans staðfestir handleiðslu Guðs og að Guð verndar okkur.



## Hugmyndabanki

### Leikur

Að fela hlut

Algengast er að hlutur sé falinn og einn sendur út sem á að leita. Sjálfboðaliðinn fær þá leiðbeiningar um að hann sé heitur ef hann er nærri hlutnum en kaldur ef hann er fjarri. Önnur útgáfa af leiknum er hentugri til að virkja fleiri til þátttöku. Börnin mynda kór og syngja eitthvert einfalt lag (t.d. B-I-B-L-Í-A). Þau syngja mjög lágt er sjálfboðaliðinn er ekki nálægt hlutnum en hækka raust ef hann nálgast og syngja hástöfum ef hann er mjög nálægt.



### Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér

### Starfsgagnalisti

**L-18 Bernska Móse** Loðmyndir þar sem dóttir Faraó tekur Móse að sér.



# 6 Guð er góður hirðir

## - Guð vill leiðbeina okkur í lífinu

**Boðskapur:** Guð vill vernda okkur og styrkja.

**Aðkoma:** Eigið þið gæludýr? Hafið þið þurft að hugsa um gæludýr? Í dag ætlum við að heyra aðeins frá ungum dreng úr Gamla testamentinu sem hafði sama hlutverk og margir jafnaldrar hans, að gæta sauða. Þeir sem gættu sauða voru kallaðir hirðar.



### Hugleiðing

1. Í Gamla testamentinu segir frá Davíð. Hann átti viðburðaríka ævi. Þegar hann var ungur barðist hann við hinn risavaxna Goliát og sigraði hann. Hann var mjög ungur þegar ákveðið var að hann skyldi verða konungur. Hann átti eftir að verða sigursælastur konunga Ísraelsmanna. Þegar Davíð var ungur hafði hann mikinn áhuga á að leika á hörpu og setja saman ljóð. Við hann eru kenndir Davíðssálmarnir sem við höfum aðeins kynnst í sumarþúðunum.
2. Einn þekktasti sálmur Davíðs er sá 23. sem fjallar um Drottinn sem hirði. Davíð þekkti það sjálfur að vera hirðir. Það þýddi að hann þurfti að bera ábyrgð á þeim sauðum sem honum var treyst fyrir. Hann þurfti að finna handa þeim góðan stað til að vera á beit, hann þurfti að finna handa þeim góðan hvíldarstað. Hirðir þurfti einnig að vernda sauðina fyrir hættum. Oft gat verið bæði erfitt og hættulegt að vera hirðir. Það þurfti að vaka yfir sauðunum og gæta þess að ekkert illt mætti henda þá.
3. Davíð var örugglega góður hirðir en hann vissi að hann þurfti að treysta Guði í störfum sínum. Hann vissi að Guð vildi vernda hann og styrkja. Hann áttaði sig á því að líkt og sauðirnir treystu því að hann sæi um þá þannig gæti hann treyst Guði. Hann skildi að Guð vildi honum það besta. Hann vissi að einnig þegar var erfitt og allt leit illa út þá gat hann líka treyst því að Guð vildi vernda hann og styrkja. Við getum líkt og Davíð treyst þessum mikilvægu sannindum.

### Skýringar

#### Ýmislegt um hirða

Það er mikið fjallað um hirða í Biblíunni. Strax í 1. Mósebók hittum við fyrir Abel. Það er oft fjallað um hirða í yfirfærðri merkinu. Þeir sem eiga að stjórna lýðnum og eru dæmdir góðir eða slæmir eftir frammistöðu sinni. Móses var álitinn góður hirðir Guði er oft líkt við hirði í Gamla testamentinu, m.a. hér í Sálm 23. Þegar Jesús segist vera góði hirðirinn, í Jóhannesarguðspjalli, er hann að fullyrða að hann sé sonur Guðs.

## Uppflettitextar

### Slm 23

Lesið aftur yfir sálminn og útskýrið hann fyrir börnunum ef spurningar vakna.

### Jóh 10.14

*Ég er góði hirðirinn og þekki mína og mínir þekkja mig.*  
Jesús vill vera hirðirinn okkar. Lömbin þekktu raddir hirða sinna og hlýddu þeim. Við getum lært að þekkja rödd Jesú, með því að lesa í orðinu hans og biðja til hans.

### Slm 46.2

*Guð er oss hæli og styrkur,  
örugg hjálp í nauðum.*


Við getum treyst Guði í öllum aðstæðum lífs okkar. Ekki eingöngu þegar vel gengur heldur einnig þegar erfiðleikar sækja að. Þá getum við treyst því að hann sé með okkur og gangi okkur við hlið.



## Starfsgagnalisti

**Fr-601 Drottinn er minn hirðir** (9 myndir) Myndafrásaga um Santos frá Perú sem gætir lamadýra í Andesfjöllum. Erfiðleikar í hjarðgæslunni kenna honum að treysta Guði.

**G-402 Drottinn er minn hirðir** Sagan af Santosi á glærum.



# 7 Jesus leitar að hinu týnda og frelsar það

## - Sakkeus

**Boðskapur:** Jesús elskar alla menn.

**Aðkoma:** Hafði þið lent í því að sjá ekki eitthvað sem ykkur þykir spennandi vegna þess að fyrir framan ykkur stendur einhver sem er stærri en þið? Eða þá að vera í bíó eða leikhúsi og einhver skyggir á útsýnið ykkar? Í dag ætlum við að heyra um mann sem var lágvaxinn og hvernig hann fór að því að sjá það sem hann vildi.



## Hugleiðing

1. Einu sinni var maður sem hét Sakkeus. Hann var mjög ríkur, hann var yfirtollheimtumaður í borg sem hét Jeríkó. Það fóru margir um þá borg því hún var í alfaraleið. Sakkeus fékk því mikið af peningum. Oft voru tollheimtumenn ekki vinsællir vegna starfs síns. Þeir sátu við borgarmörkin og innheimtu pening af fólki fyrir yfirvöld og tóku hluta af upphæðinni fyrir sig sjálfa. Líklega litu margir niður á Sakkeus þrátt fyrir öll auðæfin.
2. Eitt sinn heyrði Sakkeus af því að Jesús væri að ganga í gegnum borgina. Honum langaði mikið til að sjá Jesús. En Sakkeus var mjög lágvaxinn og mikill fjöldi þyrptist að til að horfa á Jesús. En Sakkeus var úrræðagóður. Meðfram vegnum stóð mórberjatré og hann ákvað að klifra upp í það.
3. Líklega hefur Sakkeus ekki búist við meiru en því að sjá Jesús, en það fór nú á annan veg. Þegar Jesús nálgast tréð leit hann upp til Sakkeusar og sagði við hann: „Sakkeus flýtt þér ofan, í dag ber mér að vera í húsi þínu.“
4. Hvernig ætli Sakkeus hafi brugðist við? Það stendur í Lúkasarguðspjalli að hann hafi drifið sig niður úr mórberjatrénu og tekið glaður á móti Jesús. Þá fóru nú einhverjir úr fjöldanum að hvísla sín á milli að það hlyti að vera undarlegt að Jesús væri að heimsækja menn eins og Sakkeus. Hann var tollheimtumaður og hafði ekki alltaf komið heiðarlega fram við fólk. Hvers vegna vildi Jesús heilsa upp á þannig mann?
5. Jesús fór ekki í manngreinarálit. Hann leit ekki þannig á að einn væri stórkostlegur á meðan annar væri ómögulegur. Honum þótti vænt um alla menn. Jesús kom í heiminn til að frelsa alla menn. Heimsókn Jesús hafði mikil áhrifa á Sakkeus. Hann breyttist. Í stað þess að hugsa um peninga vildi hann fylgja Jesús. Sakkeus hét því að gefa helming af eignum sínum til fátækra og endurgreiða öllum ferfald ef hann hefði tekið eitthvað af þeim. Jesús var glaður vegna Sakkeusar. Jesús var kominn í heiminn til að leita að því týnda og frelsa það.

## Skýringar

### Máltíð

Þegar að Jesús segist ætla að heimsækja Sakkeus og þiggja máltíð af honum þá er það tákn um gagnkvæma virðingu. Það skýrir viðbrögð fólks.

### Mórberjatré

Þau voru algeng í Palestínu. Tréð gat orðið 15 m eða hærra. Stofninn var gildur og trjákrónan mikil um sig. Það var auðvelt að klífra upp í tréð.



## Starfsgagnalisti

**Fr-800 Sakkeus** (8 myndir) Myndafrásögn af því þegar Jesús hittir Sakkeus.

**L-121 Sakkeus** Loðmyndir af því þegar Jesús hittir Sakkeus og heimsækir hann.

## Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér



## Hugmyndabanki

### Sakkeusartréð

Það er til gömul falleg helgisögn um Sakkeus. Þegar Sakkeus var orðinn háaldraður maður bjó hann enn í Jeríkó. Hann trúði á Guð og var heiðarlegur maður. Við sólaruppkomu dag hvern fór hann í gönguferð út fyrir bæinn, og snéri til baka léttur og glaður í bragði, tilbúinn að takast á við verkefni dagsins. Konan hans velti því oft fyrir sér hvert hann færi og hvað hann væri að gera í þessum gönguferðum en Sakkeus talaði aldrei um það við neinn.

Einn morguninn náði forvitnin yfirhöndinni hjá konu Sakkeusar og hún elti hann, án þess að hann sæi hana. Þá sá hún að Sakkeus fór að trénu sem hann hafði settið í þegar hann sá Jesú í fyrsta sinn. Hún faldi sig og fylgdist með manni sínum. Hann sótti skál, fyllti hana vatni og vökvaði rætur trésins, sem voru þurrar vegna hitans. Síðan reytti hann arfa og annað illgresi sem nálægt var og strauk henninni varlega eftir trjástofninum. Að lokum leit hann upp í greinina þar sem hann hafði settið til að sjá Jesú og snéri síðan heim á leið. Eitt sinn ræddi hann um þessar ferðir við konu sína. Þá spurði hún Sakkeus af hverju hann færi að trénu á hverjum degi. Það er því að þakka að ég komst upp í þetta tré að ég hitti Jesú, hann sem ég elska svo heitt, svaraði Sakkeus brosandi.

(Þýdd frásögn úr 250 fortellingar for barn og unge, e. Mia Hallesby. Birtist m.a. í Vilji Guðs, leiðsögn og kærleikur, boðunarefni Landssambands KFUM og KFUK 1994-1995).

# 8 Jesús er sonur Guðs

## - Syndir þínar eru fyrirgefnar

**Boðskapur:** Jesús hefur vald að fyrirgefa syndir vegna þess að hann er sonur Guðs


**Aðkoma:** Hægt er að notast við leikinn sem er í hugmyndabankanum.

### Hugleiðing

1. Jesús kom í heiminn til að frelsa hann. Hann boðaði ríki Guðs. Því fylgdi fyrirgefning og lækning. Jesús var mikið á ferðinni en átti sér aðsetur í borg sem hét Kapernaúm. Eitt sinn þegar hann kom heim þá fréttist af því meðal fólks og það safnaðist mikill mannfjöldi heim til hans. Það vildu allir hlusta á það sem Jesús hafði að segja. Fólkið fyllti húsið og margir stóðu úti við.

2. Það voru fjórir menn sem ákváðu að taka lama mann með sér til fundar við Jesús í von um að hann myndi lækna hann. Þeir voru ekki nógu snemma á ferðinni þannig að allt var orðið fullt þegar þeir komu að. Hvað gátu þeir tekið til bragðs? Þeir fóru upp á þakið og fjarlægðu hluta þaksins og létu vin sinn síga niður. Þannig náði lama maðurinn fundi Jesús.

3. Jesús var ánægður þegar hann sá trú mannanna og hann segir við manninn: „Barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar.“ Þá urðu einhverjir undrandi sem sátu í hópnum og fóru að spyrja hvort Jesús gæti fyrirgefið syndir. Var það ekki eingöngu Guð sem gat fyrirgefið syndir? Jesús vissi hvað þeir voru að hugsa og til að sanna fyrir þeim að hann væri sonur Guðs þá sagði hann mannum að standa upp og taka rekkju sína og ganga. Um leið og Jesús hafði sagt þetta stóð maðurinn upp og gekk í burtu í allra augsýn. Allir viðstaddir urðu undrandi og sögðust aldrei hafa séð nokkuð líkt þessu áður. Jesús sýndi að hann hafði sama vald og Guð og væri sonur hans.



**Minnisvers:** Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum. (Slm 119.105)

### Skýringar

#### Kapernaúm

Einn af bæjunum við Genesaretvatnið sem kemur mikið við sögu í guðspjöllunum. Jesús settist að í Kapernaúm. Það er tekið fram að hann hafi kennt í samkunduhúsi bæjarins, læknað tendamóður Péturs og þjón hundraðhöfðingjans, son konungsmanns auk lama mannsins sem við heyrum um í sögu dagsins.

#### Fræðimenn

Fræðimennirnir í textanum höfðu það starf að afrita helga texta. Hugsanlega hafa þeir tengst hópi Saddúkea sem voru áhrifamikill hópur Gyðinga sem stjórnuðu meðal annars ráðinu sem síðar réttaði í máli Jesús.

#### Mannssonurinn

Jesús kallaði sig oft mannsönurinn. Það var gamalt heiti á Messíasi (Dan 7.13). Með því staðfesti Jesús að hann var frelsarinn sem koma átti í heiminn.

#### Að rjúfa þekjuna

Þakið var gert úr bjálkum eða röftum, og hrís og greinar lagt yfir. Þetta var síðan þakið með leir og mold og troðið þar til það varð hörð og þétt skán. Það var því ekki mikið skemmdaverk sem mennirnir unnu þegar þeir opnuðu þakið. Það hefur ekki verið óyfirstíganlegt vandamál að lagfæra það.

(Upplýsingar m.a. úr Biblíuhandbókin þín, 123)

## Uppflettitextar

### Mrk 2.1-12

Lítið aftur yfir textann og ræðið hann við börnin. Leggið áherslu á að Jesús hafi hér sýnt að hann væri sonur Guðs með því að gera það sem Guði einum er mögulegt.


### Lúk 3.21-22

*Er allt fólkíð lét skírast var Jesús einnig skírður. Þá bar svo við, er hann gerði bæn sína, að himinninn opnaðist og heilagur andi steig niður yfir hann í líkamlegri mynd, eins og dúfa, og rödd kom af himni: Þú ert minn elskaði sonur, á þér hef ég velþóknun.*

Þegar Jesús hóf starf sitt lét hann skírast hjá Jóhannesi skírara. Við þá athöfn steig niður dúfa og rödd af himni staðfesti að Jesús væri sonur Guðs. Þetta er upphafið að starfi hans.

## Starfsgagnalisti


- L-1** **Guð ber umhyggju fyrir okkur** Loðmyndasería sem inniheldur m.a. söguna um lama manninn.
- L-136** **Tólf kraftaverkafrásögur** Jesú Loðmyndir af lækning lama mannsins.
- G-141** **Jesús læknað lama mann** Glærur með fjórum einföldum teikningum.



## Hugmyndabanki

### Stóll

Fáið 14 sjálfbóðaliða (þið getið líka valið færri eða fleiri eftir því sem ykkur hentar) og skiptið í tvö lið. Tveir í hverju liði sjá um að bera og þeir búa til stól með höndunum með því að annar heldur í vinstri úlnlið sinn og hinn í hægri úlnlið sinn og svo halda þeir í úlnliði hvers annars. Leiðtogi hvers liðs þarf að fara í hinn enda salarins. Hinir fjórir í hverju liði eru lama menn og þeir fara í röð. Svo er farið í nokkurskonar boðhlaup, „berarar“ búa til stóla fyrir lama mennina sem setjast í hann og halda um axlir „beraranna“. Tilgangurinn er að bera þá til leiðtogans og lama maðurinn verður að snerta hann. Þá mega „berarar“ hlaupa til baka og ná í næsta mann. Þeir sem eru fyrstir að koma öllum lama mönnum til leiðtogans vinna. Gott gæti verið að merkja línur þar sem leiðtogi á að standa fyrir aftan og þar sem lama menn eiga að standa. Áður en leikurinn hefst leyfið þeim þá aðeins að æfa sig í að bera svo enginn detti og meiði sig. Tenging við söguna er nokkuð augljós. Þið getið komið inn á að lama mennirnir urðu heilir þegar þeir snertu leiðtogann, hvernig var það í sögunni?



### Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Enginn þarf að óttast síður

Þakkir fyrir hvern fagan morgun

Ég er heimsins ljós




# Guð vill að við tilheyrum honum

## - Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar

**Boðskapur:** Jesús vill að við tilheyrum honum.

**Aðkoma:** Sniðugt væri að biðja börnin að skrifa nafn sitt á vínberjaklasa sem búið er að klippa út. Síðan er hægt að festa þá á greinar sem allar eru festar á stofn. Annað hvort í upphafi hugleiðingar, meðan á henni stendur eða í lokin.



### Hugleiðing

1. Jesús líkir sjálfum sér við vínvið. Hvernig eru tré? Þau eru stofn og út frá honum vaxa greinar. Jesús vill að allir sem trúir á hann séu eins og greinar á honum. Greinar sem eru fastar við stofninn fá næringu og vaxa. Ef greinar losna frá stofninum hætta þær að fá næringu og visna. Jesús talaði um vínviðinn sem bar ávöxt. Hann þráir að sjá það í lífi lærisveina sinna að þeir beri ávöxt.

2. Vínviðurinn bar ávöxt og var mikið ræktaður. Hvernig getum við borið ávöxt? Jesús gefur svarið þegar hann segir: „Verið í mér, þá verð ég í yður.“ Þannig berum við ávöxt. Með því að biðja til Jesú og lesa í orði hans. Þannig erum við föst við stofninn. Jesús vill að við eflumst í kærleika við að kynnast sér.

3. Nú erum við búinn að heyra um Guð á hverjum degi og biðja til hans. Þegar við förum úr sumarþúðunum þurfum við að vera dugleg að halda áfram að lesa og biðja. Við þurfum að reyna áfram að heyra sem mest úr Guðs orði og láta það móta okkur. Fyrst og fremst þurfum við að muna að Jesús vill að við tilheyrum honum, föst við hann líkt og grein við stofn.

### Skýringar

#### Vínviður

Vínviður er ekki venjulegt tré, heldur langar renglur, sem festa varð upp, svo þær lægju ekki á jörðinni. Vínviðurinn gat orðið allt að 30m á lengd.

#### Vínyrkja

Vínyrkja var mikilvæg í landbúnaði Ísraelsmanna. Bæði loftslag og jarðvegur var hentugur fyrir slíka rækt. Eins var auðvelt að gera víngarða á stöllum í þessu hæðotta landi. (Upplýsingar fengnar úr Biblíuhandbókin þín, 294-95)





## Hugmyndabanki

### Vínviðurinn

Út frá þessum leik er hægt að koma inn á að greinin ein getur ekki borið ávöxt, við verðum að vinna saman og vera í Kristi (greinin verður að vera á vínviðnum), sameinuð í honum berum við mikinn ávöxt.


Þú þarft:

Uppblásnar blöðrur, skrifaðu eftirfarandi orð með tússi, eitt orð á hverja blöðru: Kærleikur, gleði, friður, langlyndi, gæska, góðvild, trúmennska, hógværð og sjálfsgá. Eins metra langir spottar eða garn fyrir hvert barn, stól.

Útskýrið að blöðrurnar merkja ávexti andans. Hver veit hverjir þeir eru? Sýnið orðin. Spyrjið þau hvort þau haldi að hægt sé að flytja "ávextina" yfir í hinn enda salarins með því að nota einungis spottana en samt má ekki binda þá við blöðrurnar. Leifið nokkrum sjálfboðaliðum að reyna.

Sýnið þeim svo að ef staðið er í hring og einhver heldur í hinn enda spottans (þannig að allir halda í tvo spotta) er hægt að búa til net sem blöðrurnar geta hvílt í. Setjið eina blöðru í netið og leyfðu þeim að reyna að flytja blöðruna yfir í hinn enda salarins í kringum stól (eftir aðstæðum) og til baka án þess að missa hana. Það þarf mikla samvinnu við að halda netinu nógu þéttu. Setjið svo nýja og nýja blöðru í hverri umferð til að sjá hversu mikinn ávöxt netið getur borið.

Í stærri hópum er hægt að skipta í lið og keppa um hvaða lið getur „borið mestan ávöxt.“



# 10 Jesús dó fyrir syndir alls mannkyns

## - Kærleikur Guðs birtist í Kristi

**Boðskapur:** Jesús dó svo að við mættum lífa.

**Aðkoma:** Í Biblíunni eru gríðarlega margar setningar. Það er ótrúlegur fjöldi af orðum. En eitt vers í Biblíunni er kallað litla Biblían. Það þykir sýna vel um hvað Biblían er, hvað það er sem skiptir mestu máli í henni. Versið hljómar svona: „Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.“ Það getur verið sniðugt að nota söguna í hugmyndabankanum til að gera hugleiðinguna aðgengilegri.



**Minnisvers:** Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.  
(Slm 119.105)

## Hugleiðing

1. Við höfum heyrt um að Guð er skapari okkar. Hann skapaði okkur til samfélags við sig. Síðar meir kom syndin í heiminn. Við höfum e.t.v. heyrt af því þegar Adam og Eva átu af skilningstrénu. Eftir það þurfti Guð að finna aðra leið til að geta átt samfélag við okkur og sigrað syndina. Synd er allt það sem er rangt. Syndin er að missa marks. Guð er heilagur og þolir ekki synd. Því þurfti að finna leið.

2. Hann ákvað að senda son sinn í heiminn til að sigra syndina þannig að við gætum átt eilíft líf og samfélag við hann. Guði þótti það vænt um okkur að hann ákvað að fóna syni sínum þannig að við gætum eignast eilíft líf. Það er mikill kærleikur. Guð gerðist maður í Jesú Kristi og gekk um á jörðinni. Hann stóðst allar freistingar og dó fyrir syndir allra manna á krossi.

3. Guð skapaði okkur fyrst og keypti okkur síðan dýru verði. Hann vill að við tilheyrum honum. Guð vill að við biðjum til hans og felum honum allt sem við fáumst við. Hann vill að við séum börnin hans. Hann sýndi okkur hver-su vænt honum þykir um okkur þegar hann sendi Jesú til að deyja á krossi. Jesús dó svo að við mættum lífa.

## Uppflettitextar

### Jóh 3.16

*Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf.*

Ræðið við börnin um innihald litlu Biblíunnar. Reynið að fylgja eftir því sem rætt var á morgunstundinni.

### 1Jóh 4.19

*Við elskum því að Guð elskaði okkur að fyrri bragði.*

Guð sýndi frumkvæðið og við eigum honum mikið að þakka. Guð vill að sá mikli kærleikur sem hann sýndi hafi áhrif á líf okkar.

### Lk 19:10

*Því að Mannssonurinn er kominn að leita að hinu týnda og frelsa það.*

Hér er tilvalið að tengja aftur við söguna um Sakkeus. Hún sýnir svo vel tilganginn með starfi Jesú hér á jörðinni. Hann kom í heiminn til þess að allir sem vissu að þeir þyrftu á honum að halda gætu bundist honum.

## Starfsgagnalisti

**L-5 í fótspor Jesú** Loðmyndasería sem inniheldur margar sögur, m.a. Jesús deyr í okkar stað

## Hugmyndabanki


### Skútan

Ungur drengur smíðaði sér fallega skútu. Hann lagði mikla vinnu í að gera hana eins glæsilega úr garði og hann mögulega gat. Þegar hann hafði lokið smíðinni leit hann á skútuna og sá að hún var glæsileg. Skútan var eins og hann hefði viljað að hún yrði. Drengurinn hóf skútuna á loft og virti hana fyrir sér áður en hann hélt niður að vatninu að prófa hana.

Skútan sigldi tignarlega á sléttum vatnsfletinum. Drengurinn horfði stoltur á smíðisgripinn sinn. Skyndilega blés ofsalega og drengurinn missti sjónar af skútunni. Vindinn lægði jafnskjótt og hann hafði sýnt ofsa sinn. Drengurinn leitaði lengi og ákaft að skútunni en án árangurs. Hann snéri heim án skútunnar dapur í bragði.

Nokkru síðar var hann á gangi í heimabæ sínum og er hann gekk framhjá búð einni er verslaði með notaðar vörur eygði hann eitthvað kunnuglegt. Í búðargluggann hafði verið stillt upp glæsilegri skútu. Þessa skútu þekkti hann um leið, þetta var skútan hans, sú sem hann hafði smíðað og týnt í hvassviðrinu á vatninu. Hann hljóp inn í búðina og beint að afgreiðslumanninum og kallaði: Þetta er skútan mín. Þessi sem er stillt út í gluggann, ég á hana. Afgreiðslumanninum var greinilega skemmt yfir æsingnum í drengnum. Hann leit á hann og sagði: Þessi skúta verður þín ef þú greiðir uppsett verð. Annars verður hún mín áfram og stendur í glugganum þar til einhver kaupir hana. Drengurinn stóð um stund kyrr en hljóp síðan skyndilega af stað, fyrst út úr búðinni og síðan heim til sín.

Þegar hann kom heim hljóp hann til að finna sparibaukinn sinn, hann tæmdi hann og hljóp aftur í búðina, lagði peningana á borðið og sagðist ætla að fá skútuna. Maðurinn taldi peningana fór síðan og náði í skútuna úr glugganum og afhenti drengnum og sagði: Nú er skútan þín. Þegar drengurinn gekk heim þá hugsaði hann: Já, nú ert þú mín eign. Þú hlýtur að vera mín eign, fyrst bjó ég þig til, síðan keypti ég þig dýru verði. Þú hlýtur að vera mín eign.




# 11 Ég er upprisan og lífið

- Lasarus

**Boðskapur:** Jesús er sterkari en dauðinn.

**Aðkoma:** Munið þið eftir Mörtu og Maríu. Marta var á fullu að veita þjónustu meðan María sat við fætur Jesú og hlustaði á hann. Jesús heimsætti þær oft á ferðum sínum.



**Minnisvers:** Jesús sagði: Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér mun ekki ganga í myrkri heldur hafa ljós lífsins. (Jóh 8.12)

## Hugleiðing

1. María og Marta áttu bróður sem hét Lasarus. Lasarus var eitt sinn alvarlega veikur þannig að systurnar létu senda Jesú skilaboð um veikindi Lasarusar. Þegar Jesús fær skilaboðin segir hann að veikindin séu Guði til dýrðar og ákveður að vera áfram þar sem hann var í tvo daga áður en hann leggur af stað til systranna.
2. Þegar Jesús kom til Betaníu þá hafði Lasarus verið dáinn í fjóra daga. Það var mikið af fólki að syrgja með Maríu og Mörtu. Marta kemur til Jesú og segir: Ef þú hefðir verið hérna þá hefði Lasarus ekki dáið en ég veit að Guð mun gefa þér hvað sem þú biður um. Jesús sagði henni að bróðir hennar myndi rísa upp. Marta sagði að hún vissi að hann myndi rísa upp á efsta degi.
3. Jesús var ekki að vísa til þess. Því sagði hann næst: „Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi. Og hver sem lifir og trúir á mig mun aldrei að eilífu deyja. Trúir þú þessu?“ Marta sagðist trúa því og að Jesús væri sonur Guðs.
4. Jesús gekk að gröf Lasarusar. Gröfin var hellir sem steinn hafði verið settur fyrir. Jesús sagði: „Takið steininn frá!“ Marta hafði áhyggjur vegna þess að það var komið á fjórða dag síðan Lasarus dó. Jesús sagði Mörtu að ef hún trúir muni hún sjá Guðs dýrð. Jesús hafði áður sagt að þessi atburður yrði Guði til dýrðar. Hann þakkaði því Guði fyrir að bænheyra sig og bað síðan Lasarus að koma út úr gröfinni. Lasarus kom út.
5. Jesús hafði vald til að sigr dauðann eins og hann átti eftir að sýna þegar hann reis upp frá dauðum. Jesús er upprisan og lífið. Allir sem trúa á hann lifa í því trausti að þeir eignist eilíft líf með honum.

## Skýringar

### Löng frásögn

Sagan af Lasarusi er löng og í henni er að finna mikið af góðum og mikilvægum atriðum eins og oft í Jóhannesarguðspjalli. Hér er ýmsu sleppt til að gera frásöguna skýra. Ekki er hægt að stoppa við allt sem er merkilegt í sögunni, til þess endist tíminn ekki.



## Hugmyndabanki

### Andrés forvitni

Andrés var mjög forvitinn drengur og vildi fá svör við öllu mögulegu, þegar aðrir krakkar voru kannski í boltaleikjum úti eða inni í tölvunni í spennandi leikjum, sat hann stundum og velti fyrir sér ýmsu um lífið og tilveruna. Áður en afi dó hafði Andrés gjarnan spurt hann um allt á milli himins og jarðar og afa fannst gaman að setjast niður með honum og finna svör. Einu sinni rétt fyrir páska var Andrés á fundi í KFUM, strákarnir voru búinir að skemmta sér vel í bingói og Andrés var glaður því hann hafði unnið lítið páskaegg. Eftir bingóið sagði leiðtoginn þeim sögu úr Biblíunni. Andrési fannst það mjög skemmtilegt því þá fékk hann oft svör við vangaveltum sínum en oft kviknuðu líka enn fleiri spurningar til að fást við. Sagan sem sögð var þennan dag var um Lasarus sem varð mjög veikur og dó. Eftir fjóra daga þegar Jesús kom sagði hann eitthvað svo skrítið við Mörtu systur Lasarusar að hann væri upprisan og lífið og svo reisti hann Lasarus upp frá dauðum. Leiðtoginn sagði að allir sem trúa á Jesú muni lifa þótt þeir deyji og að Jesús sjálfur hafði risið upp frá dauðum. Andrés hugsaði mikið um þetta næstu daga, getur eitthver lifgað við það sem er dauft? Hann hugsaði um afa sinn, hann hafði séð líkið hans í kistunni það var eins og hann svæfi en hann var alveg augljóslega dáinn. Þegar hann kom heim sagði hann mömmu sinni söguna úr KFUM og sagði: „Mamma, ég skil þetta ekki alveg og ég á erfitt með að trúa á upprisuna.“

- „Já,“ sagði mamma, „það átti ég einu sinni líka þangað til ég fór að stunda garðyrkju. Ég sáði nokkrum þurrum fræjum í garðinn minn og ég hugsaði með mér: „Getur verið að þessi liflausu fræ geti orðið að lifandi blómum? Ég trúði því samt og eftir smá tíma voru komin upp úr moldinni falleg blóm.“

- „En mamma, þegar afi dó þá var hann settur ofan í jörðina og hann er þar bara! Hann er ekki lengur lifandi.“

- „Heldurðu það?“ sagði mamma. „Heldur þú að Guði þyki vænna um blómin en mennina?“ Hún tók páskaeggjð sem Andrés hafði unnið í bingóinu.

- „Þegar við sjáum egg í hreiðri lítur það út fyrir að vera dauft en svo allt í einu klekst ungi út úr því og maður áttar sig á því að það sem virtist vera dauft var í raun fullt af lífi. Líkaminn hans afa var dáinn en inni honum var sálin hans og ég trúði því að hún lifi áfram hjá Guði.“

Andrés brosti tannlausu brosi til mömmu sinnar, honum fannst gott að hugsa til þess að afi trúði á Jesú sem er upprisan og lífið.

## Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér

## Starfsgagnalisti

Ö-102,6 Kraftaverk og dæmisögur Jesú Upprisa Lasarusar

# 12 Jesús kennir okkur að biðja

## - Faðir vor

**Boðskapur:** Jesús vill kenna okkur að biðja.

**Aðkoma:** Hægt væri að lesa ævintýrið um óskirnar tíu úr bók Kari Vinje „Við Guð erum vinir“. Eins væri hægt að spyrja börnin út í hvað bæn er og heyra svör þeirra.



## Hugleiðing

1. Eitt sinn báðu lærisveinar Jesú honum að kenna sér að biðja. Þeir vissu að þeir áttu að biðja, þeir höfðu oft séð Jesú fara afsíðis til að biðja. Nú langaði þá til að læra af honum hvernig ætti að biðja. Jesús kenndi þeim bæn sem við könnumst vel við og hefst á orðunum: Faðir vor.

2. Við getum lært mikið af bæninni sem Jesús kenndi. Fyrst það að Guð vill að við séum öll börnin hans. Síðan þegar við segjum: Helgist þitt nafn. Þá erum við að sýna Guði aðdáun og minna okkur á að hann er stórkostlegur skapari okkar.

3. Við leggjum fram beiðnir til Guðs. Við biðjum hann um að ríki hans komi og að vilji hans verði. Við biðjum þess einnig að hann sjái okkur fyrir daglegu brauði, þ.e.a.s. öllum þörfum okkar. Við megum leggja all fram fyrir Guð, alveg sama hvort það er stórt eða smátt.


4. Síðan gerum við játningu. Við biðjum Guð um að fyrirgefa okkur syndir okkar og segjumst einnig ætla að fyrirgefa öðrum (útskýra skuldunauta). Guð vill að við leggjum allt fram fyrir hann og er fús að fyrirgefa. Hann dó fyrir syndir okkar og heyrir bænir okkar.

5. Að lokum segjum við: Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Þá gefum við Guði þá dýrð sem hann á skilið. Við flytjum honum þakkargjörð vegna þess að hann er stórkostlegur Guð sem er ekkert ómöglegt. Við megum ekki gleyma að þakka Guði allar gjafir hans.

6. Bænin snýst m.a. um þetta sem við höfum talið upp. Að sýna Guði aðdáun, játa fyrir honum það sem við höfum gert rangt, þakka honum fyrir allt sem hann gefur okkur að að hann vilji vernda okkur og leggja fram fyrir hann beiðni um allt sem okkur vanhagar um.







## Hugmyndabanki

Ævintýrið um óskirnar tíu úr „Við Guð erum vinir“ eftir Kari Vinje. Tilvalið að lesa með börnunum og sjá hvað það getur kennt okkur um eðli bænarrinnar.

## Uppflettitextar

### Matt 6.9-13

Ræðið við börnin um Faðir vor. Er eitthvað þar sem þau skilja ekki. Ræðið líka almennt við þau um bæn. Biðja þau?

### Lúk 6.12-13

*En svo bar við um þessar mundir að Jesús fór til fjalls að biðjast fyrir og var alla nóttina á bæn til Guðs. Og er dagur rann kallaði hann til sín lærisveina sína, valdi tólf úr þeirra hópi og nefndi þá postula.*

Ef Jesús þurfti að taka mikilvægar ákvarðanir þá lagði han þær fram fyrir Guð í bæn. Það segir að hann hafi beðist fyrir alla nóttina. Við getum lært af Jesú að fela Guði allar mikilvægar ákvarðanir sem við tökum.

### Fil 4.6


*Verið ekki hugsjúk um neitt heldur gerið í öllum hlutum óskir yðar kunnar Guði með bæn og beiðni og þakkargjörð.* Það er svo margt sem leitar á okkur. Stundum getur eitthvað valdið okkur áhyggjum. Það getur leitt til þess að við verðum hugsjúk og óróleg. Guð vill að við biðjum til hans og leggjum allt í hans hendur. Hann vill bera byrðarnar með okkur.

# 13 preytumst ekki að biðja

## - Biðjið og yður mun gefast

**Boðskapur:** Preytumst ekki að biðja.

**Aðkoma:** Hvernig bregðumst við við ef við erum vakin um miðja nótt? Við verðum líklega óánægð og öflug. Jesús sagði oft sögur til að kenna eitthvað mikilvægt og í einni þeirra var maður vakinn upp um miðja nótt.




## Hugleiðing

1. Jesús sagði eitt sinn stutta sögu til að kenna um bænina. Hann sagði frá manni sem vantaði brauð um miðnætti. Hann bjó í litlu þorpi og í þá daga var ekki hægt að hlaupa út í búð. Fólk sá um að baka eigið brauð. En af hverju ætli honum hafi vantað brauð svona seint? Hugsanlega hafði hann skyndilega fengið vin í heimsókn því stundum komu gestir seint ef þeir þurftu að ganga langt til þess að forðast hitann um daginn. Það var mikilvæg kurteisvenja að bjóða gestinum upp á máltíð þegar hann kom.

2. Maðurinn drífur sig út í myrka nóttina og endar með því að fara til nágretta síns og berja á dyrnar hjá honum. Nágranni mannsins bjó í afar litlu húsi. Húsið var í raun eitt herbergi þar sem maðurinn bjó ásamt fjölskyldu sinni. Hann gat ekki farið fram úr án þess að fjölskyldan hans vaknaði öll og að lokum þurfti hann að fjarlægja stóran slagbrand frá dyrunum. Dýrin sem bjuggu í hinum hluta hússins hafa líka rankað við sér. Ætli maðurinn hafi verið fúll að þurfa að fara fram úr? Það getur vel verið en það er öruggt að hann hefði ekki neitað mannum um brauðið. Hann hefði séð hversu ákveðinn maðurinn hefði verið í að ná í brauð og ekki neitað honum.

3. Jesús sagði þessa sögu til að hvetja okkur til að biðja. Hann sagði : Biðjið og yður mun gefast, leitið og þér munuð finna, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Jesús vildi að við myndum ekki gefast upp í bæninni og sýna alvöru í bæn okkar. Hann sagði söguna af mannum sem vantaði brauð til þess að sýna okkur að jafnvel þótt að maðurinn væri vakinn upp um miðja nótt þá hjálpaði hann náunga sínum og sendi hann ekki í burtu. Guð minnir ekki á mann sem er vakinn um miðja nótt og er beðinn um hjálp. Guð er þannig að hann vill gefa okkur örlátlega. Við erum börnin hans og megum ávarpa hann sem föður. Við truflum hann aldrei eða ónáðum. Hann vill alltaf heyra í okkur.





## Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Drottinn er minn hirðir

Fús ég, Jesús, fylgi þér

## Ýmsir ritningarstaðir um bæn úr Lúkasarguðspjalli

Í Lúkasarguðspjalli er ýmislegt að finna um Jesú og bænarlíf hans. Það er m.a. lögð áhersla á að Jesús hafi farið afsíðis að biðja ef taka þurfti stóra ákvörðun. Það er hægt að fá góða innsýn í bænarlíf Jesú með því að þræða sig í gegnum Lúkasarguðspjall.

Við skírninga bað Jesú

(Lúk 3.21-22)

Jesús fór afsíðis til að biðja

(Lúk 5.16)

Hann bað næturlangt áður en hann valdi lærisveina

(Lúk 6.12)

Hann baðst fyrir er ummyndunin á fjallinu átti sér stað

(Lúk 9.28-29)

Hann kenndi lærisveinum sínum að biðja

(Lúk 11.1-5)

Jesús bað í Getsemane

(Lúk 22.39-44)

Á krossinum fól hann Guði anda sinn

(Lúk 23.49)

Auk þess má lesa um bænarlíf Jesú í 9.18 og 10:21-22

Einnig má finna margt sem hann sagði um bæn við ýmis tækifæri

Við sölumennina í helgidómnum sagði hann:

Hús mitt á að vera bænahús

en þér hafið gert það að ræningjabæli.

(Lúk 19:45-47)

Jesús bað fyrir Símoni Pétri og sagði honum það er hann hvatti hann til að styrkja trússystemin sín. (Lúk 22.31-32)

Hann bað Guð að taka frá sér kaleikinn ef það samræmdist vilja hans. (Lúk 22.42)

Jesús hvatti lærisveina sína til að vaka og biðja (Lúk 21.36)


Lúkasarguðspjall hefur líka að geyma þrjár dæmisögur um bæn sem undirstrika enn frekar mikilvægi bænarlífs: Vinur biður um brauð (11.5-13), Ekkjan og óréttláti dómarrinn (18.1-8) og Farísei og tollheimtumaður (18.9-14).

# 14 Allir eru mikilvægir í augum Guðs

- Við getum öll verið eitt þó við séum ólík

**Boðskapur:** Okkur er öllum ætlað hlutverk

**Aðkoma:** Tilvalið að nota annan hvorn leikinn sem er að finna í hugmyndabankanum. Eins væri hægt að spyrja börnin hvernig þau myndu halda að komið væri fyrir þeim ef þau væru með eyru í staðinn fyrir augu? Eða munn í staðinn fyrir nef?



**Minnisvers:** Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.  
(Slm 119.105)

## Hugleiðing

1. Guð vill að við séum hendur hans og fætur á jörðinni. Hann vill að við munum að þrátt fyrir að við erum ólík þá höfum við öll okkar hlutverk. Á einum stað í Nýja testamentinu er þeim sem trúá á Guð líkt við líkama. Hvernig væri líkaminn ef engir væru fæturnir? Eða ef við værum með eyru í staðinn fyrir augu? Það væri örugglega skrítið.



2. Við erum öll ólík og við höfum ólíka hæfileika. Guð vill að við förum vel með hæfileika okkar og ræktum þá. Hann vill líka að við sjáum hæfileika annarra og virðum þá. (Tilvalið væri að nefna hæfileika sem börnin hafa og hvernig hæfileikar eins geta styrkt aðra).

3. Oft halda börn að þau tilheyri ekki líkama Krists hér á jörðinni, séu ekki hluti af samfélagi trúaðra. Er eitthvað hægt að nota börn í svona mikilvægt starf? Biblían segir okkur af því að börn hafa alltaf gegnt mikilvægu hlutverki í ríki Guðs. Jesús leyfði börnunum að koma til sín og sýndi þau sem fyrirmynd trúaðra. Það eru allir mikilvægir í augum Guðs og öllum er ætlað hlutverk.

## Uppflettitextar

### Róm 12.4-5

*Við höfum á einum líkama marga limi en limirnir hafa ekki allir sama starfa. Eins erum við, þótt mörg séum, einn líkami í Kristi en hvert um sig annars limir.*

Þetta er ágætis samantekt á efni textans. Ræðið efni hans við börnin. Hvert er þeirra hlutverk? Hvar liggja hæfileikar þeirra? Af hverju finnst okkur eins og sumir hlutar séu mikilvægari en heildin?

### Matt 5.13


*Þér eruð salt jarðar. Ef saltið dofnar, með hverju á að selta það? Það er þá til einskis nýtt, menn fleygja því og troða undir fótum.*

Salt er notað til að varðveita mat frá skemmdum. Jesús vill að við séum salt á þann hátt að við höfum góð áhrif á alla í kringum okkur. Komum í veg fyrir ósætti og bendum á það sem er eftirsóknarvert. Okkur er ætlað hlutverk.

### Jóh 15.5

*Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum en án mín getið þér alls ekkert gert.*

Þessi texti er hugsaður til upprifjunar á fyrri hugleiðingu.



### Söngvar

Bæn sendu beðna að morgni

Enginn þarf að óttast síður

Þakkir fyrir hvern fagran morgun

Ég er heimsins ljós

## Hugmyndabanki

### Líkami Krists

Skemmtilegur og fjörugur blöðruleikur fyrir marga þátttakendur.

Skiptið hópnum í sex smærri hópa, gefið hverjum hópi nafn ákveðins líkamshluta. Nöfnin eru eftirfarandi: Hægri hendur (látið meðlimi hópsins veifa hægri hendinni), vinstri hendur (gjör slíkt hið sama, nú með vinstri), munnur (syngjið eða kallið eitthvað fjörugt), hægri fætur (hoppa á hægri fæti), vinstri fætur (hoppa á vinstri) og afturendar (tvista). Þegar gefið er merki á hver einstaklingur innan hópsins að hreyfa sig á þann hátt sem hæfir hans hóp. Þegar þetta hefur verið reynt nokkrum sinnum eru hóparnir leystir upp og þeim raðað upp í nokkra líkama. Brýnið fyrir þátttakendum að þeir mega ekki tala saman. Þegar búið er að skipta í hópa eiga fæturnir að sameinast um að bera aðra höndina að borði þar sem blöðru hefur verið komið fyrir. Höndin flytur blöðruna (að sjálfsögðu með hjálp fótanna) að munninum. Þar verða hendurnar að sameinast um að halda blöðrunni að munninum sem blæs (sá sem er í hlutverki munnsins verður að gæta þess að nota ekki eigin hendur). Þegar munnurinn hefur blásið upp blöðruna binda hendurnar hnút á blöðruna og setja hana á stól. Þá er komið að rassinum. Hann sest á blöðruna og sprengir. Sá búkur sem fyrstur sprengir blöðru sigur. Þessi fjörugi og spennandi leikur er einföld og áhrifarík leið til að sýna hvernig limir líkamans verða að vinna saman til að ná árangri.

### Eplakappát

Þessi leikur er mun einfaldari en er einnig góður undirbúningur. Fáðið tvo sjálfboðaliða til að taka þátt í eplakappáti. Leiðtogar láta eplin hanga í bandi og keppendur þurfa að borða eplið, á sem skemmstum tíma, án þess að nota hendurnar. Þessi leikur sýnir einnig fram á mikilvægi þess að allir limir líkamans eru mikilvægir.

# Nafnabingó

Skemmtilegur leikur sem rifjar upp sögurnar sem sagðar hafa verið og hristir hópinn vel saman

Þú þarft:

**Bingóspjald** fyrir hvern þátttakanda

**Blýant** fyrir hvern þátttakanda.

**Litla miða** sem þú, stjórnandinn skrifar nöfnin sem eru í pottinum á.

**Ílát** fyrir miðana.


**Strokleður** til að stroka út x-in

**Vinninga** þarf ekki að vera mikið - kannski kekkaka eða ávaxtabiti

Kynnið fyrir börnunum hvaða nöfn eru í boði þ.e. nöfn persónanna sem við höfum heyrt sögur af og svo nöfn barnanna sjálfra sem eru að spila. Börnin skrifa svo eitt nafn í hvern reit, nöfnin úr Biblíusögunum og svo nöfn félaga sinna og jafnvel sitt eigið.

Kynnið svo fyrir hverja umferð á hvaða hátt þau ná bingói (t.d. ein röð lárétt eða lóðrétt) og hefðið svo leikinn. Gaman getur verið að láta þau giska á hvaða nafn hafi verið dregið t.d. þessi maður klifraði upp í tré til að sjá Jesú eða næsta nafn sem ég dró er stúlka sem er með ljóst hár og í rauðri peysu. Börnin merkja svo með litlu x-i í hornin á reitunum þegar nöfnin koma upp og svo er annað hvort strokað út x-in eða krassað yfir þau fyrir næstu umferð.

# Nafnabíngó



G.T.

N.T.

39

27

# Palestína á dögum Jesú



1 2

3









4 5

6 7









8 9

10 12







13 14